

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **1. júní 2021**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að frítt verði í sund fyrir börn og fólk á endurhæfingarlífeyri**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að gjald verði ekki innheimt fyrir sundferðir í sundlaugum borgarinnar, hjá börnum og þeim borgarbúum sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri. Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis gefið út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík. Einnig eru þeir ekki gjaldskyldir sem framvísa skírteini Tryggingastofnunar ríkisins, „grænu skírteini“, vegna varanlegrar örorku, skírteini Blindrafélags, „bláu skírteini“, og umönnunarkorti, „gulu skírteini“, vegna sérstakrar umönnunar barns. Eldri borgarar og börn á aldrinum 0-5 ára eru ekki gjaldskyld í sundlaugum borgarinnar. Þá geta atvinnulausir Reykvíkingar og einstaklingar með tekjur fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg einnig fengið frían aðgang að sundlaugum borgarinnar. Lagt er til að Reykvíkingar sem fá endurhæfingarlífeyri verði undanþegnir því að greiða í sund sem og öll börn. Grunntekjur þeirra sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri eru almennt mjög lágar, sé litið til almannatryggingakerfisins, og á meðan staðan er slík er lagt til að gjald verði afnumið í sundlaugar borgarinnar fyrir þann hóp. Þá hafa börn að jafnaði engar tekjur og því er lagt til að gjaldtökunni verði breytt með þessum hætti. Íþrótt- og tómstundasviði verði falið að útfæra efni tillögunar með fjármála- og áhættustýringarsviði þannig að útkoman verði á sem aðgengilegastan máta fyrir borgarbúa.

### **Greinargerð**

Sund er mjög heilsuþættandi og getur haft jákvæð andleg og líkamleg áhrif. Nú kostar sundferðin 1.060 krónur fyrir fullorðna en hægt er að kaupa afsláttarkort sem gilda til lengri tíma. Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis gefið út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega. Einnig eru þeir ekki gjaldskyldir sem framvísa skírteini Tryggingastofnunar ríkisins, „grænu skírteini“, vegna varanlegrar örorku, skírteini Blindrafélags, „bláu skírteini“, og umönnunarkorti, „gulu skírteini“, vegna sérstakrar umönnunar barns. Þá eru borgarar 67 ára og eldri ekki gjaldskyldir. Reykvíkingar án atvinnu og fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg getur einnig fengið endurgjaldslausan aðgang að sundstöðum borgarinnar.

Grunntekjur þeirra sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri eru mjög lágar og ekki er ætlast til þess að börn séu með tekjur til þess að greiða fyrir afþreyingu sína. Því er lagt til að hætt verði að rukka í sund fyrir þá hópa sem um ræðir. Í Reykjavík voru 1.293 einstaklingar skráðir með endurhæfingarlífeyri í gildi í janúar árið 2021 en það eru nýjustu tölur sem finna má inn á vefsvæði Tryggingastofnunar ríkisins um fjölda þeirra sem eru skráðir með endurhæfingarlífeyri. Sund er mjög heilsueflandi og lagt er til að fólki með greiðslu endurhæfingarlífeyris standi þessi valmöguleiki til boða. Nú er staðan þannig að þeir sem eru í endurhæfingu og eru með læknisvottorð sem sýnir fram á að einstaklingurinn þurfi að komast í sund heilsu sinnar vegna, geta keypt sundkort hjá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu sem gildir út almanaksárið. Hér er lagt til að verklagið verði þannig að aðgangurinn standi öllum borgarbúum með greiðslu endurhæfingarlífeyris til boða.

Í Reykjavíkurborg kostar 165 krónur fyrir börn 6-17 ára í sund. Sé litið til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi börn og gjald í sund, þá er frítt í sund fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Mosfellsbæ upp að 15 ára aldri eða til 1. júní árið sem þau ljúka 10. bekk. Frá 1. júní árið sem þau verða 10 ára og þar til 1. júní árið sem þau verða 15 ára þarf samt sem áður að framvísa sundkort. Sótt er um sundkortin á sundstöðum bæjarins og kortið kostar 600 krónur. Börn utan Mosfellsbæjar fá frítt í sund til 1. júní árið sem þau verða 10 ára. Börn og unglingar 11-17 ára greiða þá 160 krónur. Á Seltjarnarnesi byrja börn að greiða frá 6 ára aldri og stakt gjald kostar 130 krónur. Í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ er frítt fyrir öll börn í sund.

Fulltrúi sósíalista telur að sveitarfélög eigi að einbeita sér að því að styrkja tekjustofna sína með því að rukka þau sem eru aflögufær, t.a.m. með því að beita sér fyrir því að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Slíkt getur Reykjavíkurborg ekki gert nema með lögum frá Alþingi en mikilvægt er að ríkt fólk í samfélaginu sé ekki undanþegið því að greiða til sveitarfélagsins sem það býr í fyrir þá þjónustu sem það notar, líkt og sundlaugar borgarinnar. Þannig mætti færa gjaldtökuna frá þeim sem hafa lágar og engar tekjur.